

43. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Oddsstofu miðvikudaginn 11. mars 2009 kl. 10:00

Mætt voru: Sigurður Sigurðarson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Sigurður setti fund.

1. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.
2. Organistamál.
Formaður kynnti umsækjendur um stöðu organista en umsóknarfrestur um starfið rann út 5. mars. s.l.
Ákveðið var að kalla alla umsækjendur til viðtals, einn í einu, miðvikudaginn 18. mars n.k. og að sóknarprestur og fulltrúar sóknanna sitji þann viðræðufund.
3. Fjármál.
Farið yfir stöðuna fyrstu tvo mánuði ársins.
Borist hefur bréf frá framkvæmdastjóra Kirkjuráðs þar sem tilkynnt er um hækkun framlags Kirkjumálasjóðs vegna viðhalds fasteigna í Skálholti árið 2009. Hækkunin nemur 2 milljónum króna.
4. Byggingaráform.
Kristinn sagði frá því að hann, ásamt framkvæmdastjóra, hefði staðið að umsókn um styrk til Ferðamálastofu til að fjármagna bráðabyrgðar þjónustuhús fyrir staðinn. Leitað hefur verið til SG Húsa á Selfossi um tilboð í 100m² hús, sem mun kosta um 12 millj. króna. Stjórnin er samþykk þessum áformum. Svar við styrkumsókninni mun berast um miðjan apríl.
Í framhaldi af umræðum um viðhald í Skálholtsbúðum þá hefur H.I. athugað með kostnað við að fá nýtt hús í staðinn fyrir stóra skálann, en samkvæmt úttekt, sem gerð var í ársbyrjun 1998, þá er viðgerðarkostnaður áætlaður um 12 milljónir. Nýtt hús yrði þá sett á gamla grunninn og samkvæmt grófri kostnaðaðarætlun frá SG Húsum þá kostar slíkt hús um 50 milljónir.
5. Önnur mál.
Borist hefur svarbréf frá sveitarstjóra Bláskógabyggðar við beiðni um að breytingar á aðalskipulagi í landi Skálholts, Borgarhólar, verði teknar til afgreiðslu.
Í svarinu kemur fram að þar sem liðinn er það langur tími frá auglýsingu breytingartillögunnar og frestur sveitartjórnar til að svara framkomnum athugasemdum eftir auglýsingu er löngu liðinn, þá verður umrædd tillaga að breytingu aðalskipulagsins að fara að nýju í auglýsingarferil samkvæmt skiplags- og bygginarlögum.

Kristinn spurðist fyrir um afstöðu stjórnar til áður framkominnar óskar frá Skúla Sæland sagnfræðingi um styrk til að vinna rannsóknarverkefni um endurreisn Skálholtsstaðar. Formanni og rektor falið að ræða frekar við Skúla um verkefnið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:55
Hólmfríður Ingólfssdóttir